

**Ræða Auðar Bjarkar Guðmundsdóttur, formanns dómnefndar um viðskiptafræðing / hagfræðing ársins 2008, á Íslenska þekkingardeginum 13. febrúar 2009.**

**Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, ráðstefnustjóri og góðir ráðstefnugestir.**

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga veitir nú í sjöunda sinn viðurkenningu til viðskiptafræðings eða hagfræðings ársins. Í byrjun árs var skipuð dómnefnd á vegum FVH til að sjá um valið á viðskiptafræðingi eða hagfræðingi ársins. Í nefndinni sátu auk mín, Arna Harðardóttir, Jafet Ólafsson, Jón G. Hauksson og Margrét Guðmundsdóttir.

Það hefur skapast sú hefð að líta til þema þekkingardagsins við þetta val og átti valið að byggjast á þáttum sem tengjast nýsköpun. Þemað þótti þó heldur þröngt við val á einstaklingi og því ákvað dómnefndin að víkka út skilgreininguna og líta til fleiri þátta.

Leitað var eftir álitum félagsmanna FVH með vefkönnun og var tekið tillit til niðurstaðna í vali dómnefndar. Óskað var eftir tilnefningu á því hver úr hópi viðskiptafræðinga og hagfræðinga þeir teldu hafa skarað fram úr öðrum fremur á síðastliðnu ári. Þátttaka í vefkönnuninni var góð og þess má geta að sá sem hlýtur verðlaunin hér í dag hlaut flest atkvæði í könnuninni.

Dómnefndin fékk það erfiða hlutverk að tilnefna aðila sem hefur staðið upp úr í hópi viðskiptafræðinga og hagfræðinga á árinu. Það voru margir kallaðir er einn útvalinn. Í álitlegum hópi bar einn höfuð og herðar yfir aðra sem

tilnefndir voru af dómnefndinni. Það er okkur sérstök ánægja að veita þessa viðurkenningu, en dómnefnd var einróma um að viðskiptafræðingur ársins væri:

Vilhjálmur Bjarnason, lektor við Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta.

Vilhjálmur hefur verið óþreytandi síðustu árin við að vekja athygli á skorti á upplýsingagjöf til minni hluthafa í rekstri almenningshlutafélaga á Íslandi. Hann hefur verið ötull við að gagnrýna harðlega marga þá sem voru í forystu útrásarinnar fyrir að gæta ekki að heildarhagsmunum hluthafa og fara ekki eftir viðurkenndum reglum í viðskiptum.

Vilhjálmur er sjálfum sér samkvæmur. Hann hefur þorað að fara á móti straumnum og haldið fast í sína sannfæringu án þess að bugast vegna mótbyrsins sem skoðanir hans mættu oft á tíðum á undanförunum árum.

Vilhjálmur hefur verið sannkölluð samviska íslenska hlutabréfamarkaðarins. Hann hefur borið hag smárra fjárfesta fyrir brjósti og verið óþreytandi við að vekja athygli á því ef stórir hluthafar og stjórnir þeirra hafa ekki farið eftir reglum um góða stjórnunarhætti. Hann hefur alltaf verið óhræddur við að spyrja óþægilegra spurninga og krefjast svara frá stjórnendum á hluthafafundum um þætti í rekstri félaganna sem hann taldi óeðlilega. Með þeim aðgerðum má segja að hann sé frumkvöðull og hafi staðið fyrir nýsköpun í eftirliti með viðskiptalífínu á Íslandi.

Það má segja að Vilhjálmur hafi verið löggan á hlutabréfamarkaðinum þegar kemur að stjórnunarháttum í fyrirtækjum. Þegar partíið stóð sem hæst fannst mörgum partíljónunum hann vera gleðispillirinn sem eyðilagði partístemminguna. Nú þegar timburmennirnir hafa tekið völdin eru partígestirnir farnir að sjá Vilhjálmi í öðru og sanngjarnara ljósi.

Vilhjálmur á sér fjölmargar hliðar sem ekki gefst tími til að gera betur skil hér í dag, en landsmenn hafa fengið að kynnast fjölbærni hans á skjánum þar sem hann hefur birst landsmönnum sem hafsjór af fróðleik í þættinum Útsvari sem fulltrúi Garðbæinga.

Vilhjálmur er vel að þessari viðurkenningu kominn. Það var sama hvar dómnefnd bar niður, alls staðar voru menn sammála um að Vilhjálmur væri mjög verðugur þess að vera viðskiptafræðingur FVH ársins 2008.

Ég vil biðja Vilhjálmi Bjarnason að koma hingað upp á svið og taka við viðurkenningunni úr hendi forseta Íslands.